

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1899, undirskrið af konungi 20. janúar 1899 (A nr. 2, bls. 4—5).

Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrið af konungi s. d. (A nr. 3, bls. 6—33).

Auglýsing um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendingaverkfæra. er við skal hafa á íslenskum gúfuskípum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, undirskrið af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A nr. 4, bls. 34—45).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um 38
lán til vegagjörða. — Eftir móttöku þóknans brjefs yðar, herra sýslumaður, 6. marz
dagsetts 25. f. m., vil jeg hjermeð veita sýsluvegasjóði Borgarfjarðarsýslu 6000
króna lán úr landssjóði til vegagjörða í sýslunni með því skilyrði, að lán þetta
ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6%
á ári af hinni upphaflegu upphæð. Af láni þessu endurborgast 800 kr. lán það,
er sýslunni var veitt af landssjóði með brjefi mínu, dagsettu 4. október f. á.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 39
um synjun á leyfi til að halda lotterí — Með brjefi, er hingað hefir borizt beina 9. marz
leið, hefir sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sent hingað erindi frá
stjórnarnefnd »Lestrartjelags Lágatellssóknar« um leyfi til að halda lotterí um
10 vetra gamlann reiðhest, er fjelaginu hafi verið gefinn, og skyldi ágóðanum
varið til borgunar upp í kostnaðinn við bygging á fundarhúsi fjelagsins, er einn-
ig er notað til þinghalda og annara fundarhalda sveitarinnar.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar
gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn næga
ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 40
um synjun á leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. f. 9. marz
m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um erindi frá Good-
templarstúku á Sauðárkrók um leyfi til að halda lotterí á eftirnefndum munum:

1. kvensöðli	60 kr. virði
2. hnakki	40 — —
3. stundaklukku,	45 — —
4. vatnsstígvjelum	25 —
5. stígvjelaskóm	11 — —

3. dag aprilm. 1899.